



Stjórnarfundur UÍA

Haldinn á Egilsstöðum, þriðjudagur 19.05.2022 kl: 17:00

Mætt eru Benedikt Jónsson formaður, Björgvin Stefán Pétursson, Gunnar Gassi Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Guðjón Magnússon, Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir og Þórunn María Þorgrímsdóttir.

Dagskrá

- **Síðasta fundargerð**
- **Skipting embætta innan stjórnar**
- **Ósk um styrk**
- **Verkefni sumarsins**
- **Önnur mál**

Síðasta fundargerð samþykkt samhljóða

Skipting embætta innan stjórnar

Benedikt Jónsson formaður, Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir varaformaður/ritari og Þórunn María Þorgrímsdóttir gjaldkeri.

Ósk um styrk

Samþykkt að styrkja Vigni Frey Magnússon um 30.000 kr. fyrir þjálfaranámskeið í körfubolta.

Verkefni sumarsins

- Halldór sumarstarfsmaður er mættur til starfa. Búið er að senda út póst vegna farandþjálfunar. Einhverjar skráningar eru komnar.
- Launafsbikarinn – ekki eru miklar þátttökuyfirlýsingar – aðeins er búið að hlera liðin sem hafa verið í þessu. Spurning hvort að menn séu tilbúnir að fara í 7 manna bolta. Mikilvægt að reyna eins mikið og hægt er að ná liðum í 11 manna bolta.
- Farandþjálfun – verður í boði fyrir sumarhátíð og einnig tvær æfingar eftir sumarhátíðina þannig að hægt verði að hvetja iðkendur enn frekar til þátttöku á unglingslandsmótinu.
- Tour de Ormurinn verður 13. ágúst
- Sumarhátíðin verður 10. og 11. júlí. Byrjað er að undirbúa dagskrána fyrir hana. Samþykkt er að leggja aftur niður þátttökugjöldin eins og á árinu 2021.

- Unglingalandsmót – skoða hvernig hægt er að hvetja til þátttöku á ungingalandsmóttinu á Selfossi.

Önnur mál

- Ársþing UÍA – umræða um ársþingið og hvernig það gekk.
- Ársreikningar UÍA – fyrirspurn á þingi – Gassi tekur það að sér að fara yfir þetta og svara þessari fyrirspurn.

Fundi slitið kl. 17:45

Næsti fundur verður þriðjudaginn 21.06 kl. 17:00 á Egilsstöðum.

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir